

Reykjavík
30.7.2025

Efni: Umsögn Fuglaverndar um flokkun virkjunarkostsins Garpsdals í nýtingarflokk verndar- og orkunýtingaráætlunar

Fuglavernd hefur áður sent inn umsögn um flokkun vindorkukosta í verndar- og orkunýtingaráætlun (sjá https://fuglavernd.is/wp-content/uploads/2025/01/2025_Umsogn-Fuglaverndar-Drog-ad-flokkun-tiu-vindorkukosta.pdf). Þar koma fram þau sjónarmið Fuglaverndar að ekki skyldi leyfa uppbyggingu vindorkuvera á eða í jaðri mikilvægra fuglasvæða eins og þau eru skilgreind af Náttúrufræðistofnun¹ né á helsta útbreiðslusvæði íslenskra hafarna.

Fyrirhugað vindorkuver í Garpsdal er í jaðri Breiðafjarðar sem telst til alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis¹. Breiðafjörðurinn er auk þess helsta útbreiðslusvæði hafarna á Íslandi, en þar verpa hátt í tveir þriðju hlutar stofnsins². Haförn er flokkaður í hættu (EN) á íslenskum válista vegna þess hve stofninn er lítill og einangraður². Reynsla erlendis frá hefur sýnt að hafernir eru viðkvæmir fyrir áflugi á vindmyllur^{3,4,5} og í tillögum verkefnisstjórnar kemur fram að gögn sýni flug hafarna um eða við fyrirhugað virkjunarsvæði. Það er því ljóst að virkjunarkosturinn Garpsdalur er bæði í jaðri alþjóðlega mikilvægs fuglasvæðis og helsta búsvæðis hafarnar á Íslandi og ítrekar Fuglavernd því þá afstöðu sína að virkjunarkosturinn verði umsvifalaust settur í verndarflokk.

Með góðum kveðjum, f.h. stjórnar Fuglaverndar,
Menja von Schmalensee, formaður
Hólmfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

¹ https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf

² <https://www.natt.is/is/biota/animalia/chordata/aves/falconiformes/haforh-haliaeetus-albicilla>

³ <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0006320724001666#bb0055>

⁴ <https://wildlife.onlinelibrary.wiley.com/doi/abs/10.1002/wsb.258>

⁵ <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0006320711003818>